



# Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.  
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 64 119. ár

16. apríl 2026

Útgáfud.: 15. apríl 2026

## Dómsbirting - Dómur S-559/2024

Árið 2025, miðvikudaginn 9. apríl, er dómþing Héraðsdóms Norðurlands eystra háð í dómhúsinu að Hafnarstræti 107 á Akureyri, kveðinn er upp í máli nr. S-559/2024, ákærvaldið gegn Filip Benes, svofelldur dómur:

### Dómsorð:

Ákærði, Filip Benes, greiði 140.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 10 mánuði frá birtingu dóms að telja.

Ákærði greiði 52.583 krónur í sakarkostnað.

### Berglind Harðardóttir.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda Filip Benes, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu, samkvæmt 3. mgr. 185. gr., sbr. 3. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Akureyri, 8. apríl 2026

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

20260415007A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

## Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur afhent Dagnýju Fjólú Jóhannsdóttur réttindi sín til málflyttings og eru þau nú virk.

Síglufirði, 8. apríl 2026

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

20260415003A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

## Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala - Löggilding að nýju

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra gaf út þann 13. apríl 2026 löggildingu að nýju fyrir Guðnýju Maríönnu Þorsteinssdóttur til að starfa sem fasteigna og skipasali.

Síglufirði, 13. apríl 2026

f.h. Sýslumannsins á Norðurlandi eystra,

Jón Hrólfr Baldursson.

20260415004A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - S-711/2025

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Norðurlands eystra gjörir kunnugt:

Mál nr. S-711/2025

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Alla Rún Rúnarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Oliver Luca verður tekið fyrir á dómþingi 20. Maí 2026 kl. 10.00 í sal A, Hafnarstræti 107, 4. hæð, Akureyri.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Norðurlands eystra, 7. apríl 2026.

**Berglind Harðardóttir** aðstoðarmaður dómara.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra á hendur Oliver Luca, kt. 300975-3489, Grettisgötu 12, Reykjavík,

fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 18. ágúst 2025, ekið bifreiðinni RB-211 án þess að sjá um að farþegi, yngri en 15 ára, í aftursæti bifreiðarinnar notaði öryggis- og verndarbúnað, norður Þórunnarstræti á Akureyri, en lögregla hafði afskipti af honum og stöðvaði aksturinn á Þingvallastræti sunnan við Kaupang.

Telst þetta varðar við 5. mgr. 77. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 316-2025-015203.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**Skrifstofu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra,**

18. desember 2025.

Akureyri, 8. apríl 2026

**Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.**

20260415006A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

## Skráning hlutafélags - Nýskráning leiðrétting Bank Bank ehf.

Nafn: Bank Bank ehf.

Kennitala: 650326-2370

Leiðrétting heimilisfang: Hagasmára 3, Kópavogi

Dagsetning samþykktar er 18.3.2026

Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi þann 18.3.2026:

Jón Guðni Ómarsson, kt. 020576-4809, Smáraflöt 12, Garðabæ, stjórnarformaður

Valþór Druzín Halldórsson, kt. 210678-5739, Drápuhlíð 42, Reykjavík, meðstjórnandi

Ólöf Jónsdóttir, kt. 210280-3169, Hringbraut 59, Hafnarfirði, meðstjórnandi

Prókúruumboð:

Jón Guðni Ómarsson, kt. 020576-4809, Smáraflöt 12, Garðabæ

Endurskoðendur/skoðunarmenn:

Gísli Logi Logason, kt. 090288-2969, Logalandi 20, Reykjavík, skoðunarmaður

Hlutfé: ISK 500.000

Firmað rita: Meirihluti stjórnar

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já

Lausnarskylda á hlutum: Nei

Tilgangur: Hugbúnaðargerð og ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Ísat flokkun:

62.01.0 Hugbúnaðargerð

Rekstrarform: Einkahlutafélag (ehf)

Reykjavík, 15. apríl 2026

**Hlutafélagsskrá**

20260415010A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Innköllun þrotabús - Horizon Trade Iceland ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Horizon Trade Iceland ehf.,  
kt. 660121-1020,  
Gerplustræti 15, 270 Mosfellsbær

**Frestdagur:**

9. apríl 2025

**Skiptafundur:**

15. júní 2026  
mánudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið valdemar@lagarok.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lagarök lögmannsstofa, Síðumúla 34, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 1. apríl 2026

**Valdemar Johnsen lögmaður**

20260408022B

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Innköllun þrotabús - Lightning ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Lightning ehf.,  
kt. 481205-2980,  
Merkjateigi 7, 270 Mosfellsbær

**Frestdagur:**

12. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

23. júní 2026  
þriðjudaginn  
kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið thordur@logbrimar.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 7b, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 7. apríl 2026  
**Þórður H. Sveinsson hrl.**  
20260408013B

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Innköllun protabús - Konkord ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Konkord ehf., kt. 500707-0970, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík	12. nóvember 2025	23. júní 2026 Þriðjudaginn kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið thordur@logbrimar.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 7b, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 7. apríl 2026  
**Þórður H. Sveinsson hrl.**  
20260408012B

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Innköllun protabús - Makeupstyle ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Makeupstyle ehf,  
kt. 481004-2760,  
Miðstræti 3, 101 Reykjavík

**Frestdagur:**

12. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

23. júní 2026  
Þriðjudaginn  
kl. 09:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið thordur@logbrimar.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 7b, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 7. apríl 2026  
**Þórður H. Sveinsson hrl.**  
20260408010B

Útgáfud.: 15. apríl 2026

**Innköllun dánarbús - Narfi Sigurþórsson**

Með úrskurði Héraðsdómur Vesturlands uppkveðnum 24. febrúar 2026 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

**Dánarbú, nafn:**

Narfi Sigurþórsson,  
kt. 020635-2669,  
síðasta heimilisfang:  
Sólmundarhöfði 5, Akranesi

**Dánardagur:**

1. janúar 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið johannes@lr.is.

Reykjavík, 4. apríl 2026  
**Jóhannes Albert Sævarsson hrl.**  
20260407175B

Útgáfud.: 15. apríl 2026

**Innköllun dánarbús - Karl Karlsson**

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2026 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

**Dánarbú, nafn:****Dánardagur:**

Karl Karlsson,  
kt. 171128-4719,  
síðasta heimilisfang:  
Garðatorg 2B, Garðabæ

24. október 2025

Karl Karlsson sat í óskiptu búi eftir sem lést þann .

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurströnd 1, 170 Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnesi, 8. apríl 2026

**Valborg Þ. Snævarr hrl.**

20260415001A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Innköllun þrotabús - Hamona ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Vestfjarða uppkveðnum 1. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Hamona ehf,  
kt. 450107-0770,  
Fjarðargötu 51, Ísafjarðarbæ

**Frestdagur:**

16. mars 2026

**Skiptafundur:**

26. júní 2026  
föstudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið sigurdurgh@logthing.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartún 28 (Lögþing), á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 8. apríl 2026

**Sigurður G. Hafstað lögmaður**

20260415005A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### Skiptalok - þb. Mexíkanska íslenska útgerðarfélagið ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. janúar 2026 var bú Mexíkanska íslenska útgerðarfélagsins ehf., kt. 570893-2039, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri

Þrotabúsins. Skiptum á búinu lauk þann 14. apríl 2026 með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur sem samtals námu kr. 431.844, auk vaxta og kostnaðar eftir upphafsdag skipta.

Reykjavík, 14. apríl 2026  
**Jón Elvar Guðmundsson lögmaður**  
20260415009A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### **Skiptalok - þb. Synir SMD ehf.**

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. janúar 2026 var bú Sona SMD ehf., kt. 620622-1090, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins. Skiptum á búinu lauk þann 14. apríl 2026 með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur sem samtals námu kr. 3.518.643, auk vaxta og kostnaðar eftir upphafsdag skipta.

Reykjavík, 14. apríl 2026  
**Jón Elvar Guðmundsson lögmaður**  
20260415011A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### **Auglýsing um skipulag - Reykjanesbæ**

#### *Deiliskipulag Suðurbraut.*

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 7. apríl að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr 123/2010. Af2 arkitektar fh Stofnhús leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurbrautarreit, 3,3ha reitur kenndur við Suðurbraut 765. Á reit er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum á 3-5 hæðum með allt að 270 íbúðum af fjölbreyttri gerð. Sérstakir byggingarreitir eru ætlaðir sérstakri notkun annarri en fyrir íbúðir, t.d. samkomuhús, garðskála o.fl. Umsagnir berist í Skipulagsgátt [mál nr. 379/2025](#). en umsagnarfrestur er til og með 30. maí 2026. Fyrirspurnir berist á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is en nánari gögn eru í skipulagsgátt HMS og á heimasíðu Reykjanesbæjar

#### *Breyting á aðalskipulagi svæði M3.*

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 7. apríl að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr 123/2010. skipulagslýsing og vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir reit M3. Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 100 í 220 og byggingarmagn fer úr 50.300 m<sup>2</sup> í 62.400 m<sup>2</sup>. Umsagnir berist í Skipulagsgátt mál nr. [407/2026](#) en umsagnarfrestur er til og með 6. maí 2026. Fyrirspurnir berist á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is en nánari gögn eru í skipulagsgátt HMS og á heimasíðu Reykjanesbæjar.

Reykjanesbæ, 15. apríl 2026  
**Skipulagsfulltrúi.**  
20260415002A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### **Auglýsing um skipulag - Hvalfjarðarsveit**

Samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 28. janúar 2026 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 fyrir jörðina Galtarlæk, L133627, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að athafnasvæði AF15 á Galtarlæk stækkar og umfang starfseminnar eykst. Nýtt hafnarsvæði verður skilgreint neðan athafnasvæðisins.

Hin nýju athafna- og hafnarsvæði verða vestur frá núverandi atvinnusvæði og hafnarmannvirkjum á Grundartanga. Áætlað er að ný höfn muni þjónusta flutningaskip og stór skemmtiferðaskip, með viðlegukanti sem nýtist til fjölbreyttrar hafnsækinnar starfsemi.

Athafnasvæðið mun hýsa hreinlega og vistvæna starfsemi, svo sem vörugeymslur, geymslusvæði, léttan iðnað og þjónustustarfsemi tengda hafnarrekstri. Sérstök áhersla verður lögð á umhverfisvænar lausnir varðandi neysluvatn, fráveitu og raftengingar fyrir skip og bifreiðar.

Hvalfjarðarsveit, 9. apríl 2026

**Jökull Helgason deildarstjóri umhverfis- og skipulagsdeildar.**

20260415008A

Útgáfud.: 15. apríl 2026

### **Auglýsing um skipulag - Hornafjörður**

Bæjarstjórn Hornafjarðar ákvað á 347. fundi sínum að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Skarðshólar skv. 41. gr. skipulagslaga. Skipulagssvæðið sem er 2,5 ha að stærð tekur yfir byggingarreit og aðkomu að svæðinu en jörðin sjálf er 57,1 ha að stærð. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir íbúðarhúsi og útihúsi auk aðkomu að svæðinu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma frá og með 15. apríl til 30. maí 2026 og skal þeim skilað í gegnum skipulagsgáttina undir máli nr. 438/2026.

15. apríl 2026

**Gunnlaugur Róbertsson**

20260415012A

Lögbirtingablað,

64. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

**Kristín Þórðardóttir**

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.